

## **Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 22/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 10. mars 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta kaupum á bifreiðinni [...] vegna verulegra galla hennar en til vara gerir sóknaraðili kröfu um skaðabætur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kæruneftndinni**

Með bréfi, dags. 16. mars 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar sama dag. Athugasemdir bárust frá sóknaraðila þann 3. maí 2023. Engar frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, samningur milli aðila um þjónustu varnaraðila vegna kaupa á og innflutnings á bifreið erlendis frá, tilboð varnaraðila, afrit af reikningi vegna bifreiðakaupa, ástandsskýrsla bifreiðar, dags. 21. mars 2022, upplýsingakort, afrit af reikningum og skýrslum vegna þjónustuskoðunar, þjónustubeiðnir, verklýsingar, afrit af tölvupósti frá varnaraðila og ljósmyndir.

Með bréfi, dags. 27. október 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili festi kaup á bifreið af gerðinni [...], árgerð 2021. Viðskiptin komust á eftir samskipti við varnaraðila þann 18. mars 2022. Samkvæmt samningi aðila fólst þjónusta varnaraðila í aðstoð hans við að finna bifreið til sölu erlendis fyrir sóknaraðila og gerast milliliður um kaup og afgreiðslu þeirrar bifreiðar sem valin yrði. Málsaðilar sömdu einnig um að varnaraðili tæki að sér að flytja inn bifreiðina til landsins. Samkvæmt samningi aðila var endanlegt „heimkomið“ verð sem sóknaraðili skyldi greiða fyrir bifreiðina alls 10.890.000 krónur.

Skömmu eftir afhendingu bifreiðarinnar kveðst sóknaraðili hafa orðið var við alvarlega galla á bifreiðinni. Að sögn sóknaraðila hefur bifreiðin bilað ítrekað og þarfnast endurtekinna viðgerða. Auk þess hefur sóknaraðili haldið því fram að það vanti búnað sem upphaflega hafi átt að fylgja með bifreiðinni samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila.

Þann 20. janúar 2023 fór sóknaraðili fram á það við varnaraðila að kaupunum yrði rift. Með bréfi, dags. 24. janúar 2023, hafnaði varnaraðili þeirri kröfu sóknaraðila með vísan til þess að bifreiðin hafi verið yfirfarin af viðurkenndu [...] umboði áður en hann fór frá umboðinu auk þess sem ekkert tjón hafi verið skráð á bifreiðina við

afhendingu eða við þjónustuskoðun [...] tveimur mánuðum eftir afhendingu. Þar að auki vísaði varnaraðili til þess að umræddur búnaður hafi verið tilgreindur í tilboði sem hafi verið sent áður en gengið hafi verið frá kaupunum erlendis og þær upplýsingar hafi verið með fyrirvara um villur. Að lokum vísaði varnaraðili til þess að bifreiðin væri enn í ábyrgð og gallar féllu því undir ábyrgðina.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta kaupunum á bifreiðinni [...] þar sem bifreiðin hafi verið haldin verulegum galla við kaupin og ekki nýst eins og fyrirhugað hafi verið. Til vara krefst sóknaraðili þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Í kvörtun sóknaraðila segir að skömmu eftir afhendingu bifreiðarinnar hafi komið í ljós alvarlegir gallar á henni. Þá kemur fram að bifreiðin hafi ítrekað bilað og þarfnast endurtekinnar viðgerða og sóknaraðili hafi því misst áhuga á bifreiðinni og veigrað sér við að nota hana. Sóknaraðili bendir á að bifreiðin hafi farið í viðgerð á verkstæði [...], og iðulega verið þar um nokkuð langt skeið. Af gögnum frá [...] megi sjá að bifreiðin hafi verið ógangfær og þurft að skipta um fæðileiðslu fyrir loftpúðafjöðrun, hlíf undir mótör hafi reynst skemmd auk þess sem rispúr hafi verið á HV rafhlöðu og greina hafi mátt villur í rafkerfi bifreiðarinnar við tölvulestur. Þessu til viðbótar hafi komið í ljós að hluti þess búnaðar, sem upprunalega hafi átt að fylgja bifreiðinni samkvæmt upplýsingum frá seljanda, hafi vantað.

Sóknaraðili bendir á að svokallaðan „Parktronic“ búnaður hafi vantað í bifreiðina og vísar til þess að hafa rætt sérstaklega við varnaraðila til að ganga úr skugga um að þetta væri búnaður sem aðstoði við að leggja bílnum. Hins vegar vanti ákveðinn „P“ takka sem búnaðurinn styðjist við. Þá bendir sóknaraðili á að LED greindarljósakerfi sé ekki til staðar og að yfirmaður verkstæðis sendibíla hjá [...] hafi staðfest það. Þá sé samskiptaeining í bílnum enn óvirk þar sem ekki sé hægt að fá aðgang að SIM korti og bifreiðin því óvirk hvað varði nettengingu. Auk þess hafi „CarPlay og Android“ búnaður verið virkur en hafi verið skráður óvirkur þann 6. apríl 2021. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt upplýsingum frá [...] myndi standa „Not activated“ ef búnaðurinn hafi ekki verið til staðar. Loks bendir sóknaraðili á að frekari bilanir hafi komið upp skömmu áður en kvörtun hafi verið send og vísar til þess að svokallaður „LiDar“ búnaður sé óvirkur og því ekki hægt að nota neina akstursaðstoð eða hraðastilli. Að lokum sé aflæsingarbúnaður fyrir hleðslu óvirkur vegna bilunar í aflæsingarbúnaði hleðslukapals.

Sóknaraðili bendir á að með erindi, dags. 20. janúar 2023, hafi sóknaraðili farið fram á við varnaraðila að kaupunum yrði rift. Í svari varnaraðila, dags. 24. janúar, hafi komið fram að engar forsendur væru til að rifta kaupunum. Sóknaraðili telji afstöðu varnaraðila ekki standast og vísar til þess að umræddir gallar bifreiðarinnar séu verulegir og því hafi bifreiðin ekki nýst líkt og fyrirhugað hafi verið. Þá bendir sóknaraðili á að þrátt fyrir að bifreiðin sé enn í ábyrgð framleiðanda breyti það því ekki að hún sé haldin verulegum galla og hafi bilað meira en almennt megi búast við af nýlegum bíl auk þess sem hann telji fyrirséð að frekari bilanir muni koma upp. Sóknaraðili fari því fram á að kaupunum verði rift.

Sóknaraðili vísar til þess að lög nr. 48/2003 um neytendakaup gildi um ágreining aðila og að varnaraðili teljist seljandi bifreiðarinnar í skilningi laganna. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna gildi lögin um ágreining um sölu hlutar til neytanda

þegar seljandi eða umboðsmaður hans hafi atvinnu sína af sölu. Sóknaraðili vísar til þess að hann sé einstaklingur sem hafi keypt bifreiðina af varnaraðila. Þá hafi varnaraðili komið fram sem seljandi bifreiðarinnar gagnvart sóknaraðila og breyti engu í þeim efnunum einhliða ákvæði í skilmálum varnaraðila þar sem félagið, í nafni milligönguáðila, firri sig ábyrgð á hinu selda. Sóknaraðili vísar til þess að félagið hafi staðið að sölu bifreiðarinnar í eigin nafni og hafi verið eini sérstaklega tilgreindi viðsemjandi sóknaraðila vegna kaupanna. Þá hafi greiðsla kaupverðsins borist beint til varnaraðila og verði því að líta svo á að varnaraðili hafi verið seljandi í skilningi laga um neytendakaup og beri því ábyrgð á afhendingarástandi bifreiðarinnar.

Sóknaraðili telji ljóst að ákvæði laga um neytendakaup gildi um kaupin og að um sölusamning hafi verið að ræða í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Um það vísi hann til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5949/2019 og úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa nr. 66/2020, 124/2021 og 21/2021.

Sóknaraðili bendir á að í ákvæðum 15. og 16. gr. nkpl. sé mælt fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur teljist haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segi að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við kröfur sem komi fram í 15. gr. laganna. Ákvæði 15. gr. mæli fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur eigi að búa yfir. Af ákvæðinu leiði meðal annars að söluhlutur teljist gallaður ef hann henti ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til, sbr. a. liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá segi í b. lið 2. mgr. 15. gr. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandi megi vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varði endingu og annað. Þá teljist söluhlutur einnig haldinn galla ef hann svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema að seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laganna eigi regla c. liðar einnig við þegar söluhlutur svari ekki til upplýsinga sem annar en seljandi hafi gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Sóknaraðili vísar til þess að telja verði ljóst að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi framangreindra ákvæða. Hann bendir á að ítrekað hafi komið fram gallar á bifreiðinni og sóknaraðili hafi því ítrekað þurft að fara með bifreiðina á verkstæði frá því að hann hafi fengið hana afhenta. Bifreiðin hafi af þeim sökum ekki nýst nema að takmörkuðu leyti og mun minna en almennt megi gera ráð fyrir af sambærilegum bifreiðum. Þá sé ljóst að neytendur megi almennt vænta þess að ný bifreið endist vel og að ekki þurfi að leita ítrekað á verkstæði fyrstu árin.

Sóknaraðili byggir jafnframt á því að auk skertrar nýtingar hafi gallar á bifreiðinni verið þess eðlis að bifreiðin hafi ekki búið yfir þeim eiginleikum sem hún hafi átt að gera. Sóknaraðila hafi verið kynntur sá búnaður sem fylgja átti með bifreiðinni og hafi það haft áhrif á kaupin, enda hafi sóknaraðili talið sig vera að fá bifreiðina á lægra verði en ef sami búnaður væri keyptur af umboði hér á landi. Sóknaraðili bendir hins vegar á að þegar bifreiðin hafi verið afhent hafi vantað hluta þess búnaðar sem fylgja átti með við kaupin og/eða búnaður hafi ekki verið virkur.

Með vísan til framangreinds telji sóknaraðili ljóst að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi 15. og 16. gr. nkpl. Í 26. gr. laganna sé mælt fyrir um þau úrræði sem standi neytanda til boða vegna galla á söluhlut. Úrræðin séu meðal annars

úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr. laganna, afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

Ákvæði 32. gr. nkpl. mæli fyrir um skilyrði og framkvæmd riftunar vegna galla á söluhlut. Þar komi fram að í stað afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna geti neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla séu þau að úrbætur hafi ekki farið fram með fullnægjandi hætti og að galli sé ekki óverulegur. Við mat á því hvort galli sé ekki óverulegur hafi í framkvæmd verið talið að fara þurfi fram heildarmat þar sem líta þurfi til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda. Gallinn þurfi að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Þá geti haft áhrif á matið hvort seljanda hafi mátt vera þetta ljóst. Auk þess geti skipt máli hvort hagsmunir neytanda verði nægilega tryggðir með öðrum vægari úrræðum, svo sem greiðslu skaðabóta.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi fyrst farið fram á úrbætur og hafi bifreiðin í kjölfarið verið tekin inn á verkstæði umboðsaðila hér á landi og verið þar í 25 daga í viðgerð. Þá hafi aðeins liðið stuttur tími þar til bifreiðin hafi farið aftur í viðgerð og þá hafi hún verið í 53 daga samfelld. Þá kemur fram í kvörtun að enn frekari gallar hafi komið upp á bifreiðinni og fyrirséð á þeim tíma að bifreiðin hafi þurft að fara aftur á verkstæði í mars og apríl 2023. Verði því að líta svo á að ekki hafi verið unnt að bæta úr göllunum með fullnægjandi hætti.

Sóknaraðili vísar til þess að enn fremur verði að telja ljóst að umræddir gallar hafi ekki verið óverulegir, enda hafi þeir leitt til ógangfærni bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi þannig ekki nýst sóknaraðila nema að takmörkuðu leyti og ekki eins og almennt megi búast við með nýja bifreið. Sóknaraðili hafi valið umrædda bifreið þar sem hún hafi hentað bæði til einkanota og í atvinnurekstri hans. Telji sóknaraðili ljóst að bifreiðin hafi ekki nýst í samræmi við fyrirhugaða notkun.

Með vísan til framangreinds telji sóknaraðili ljóst að bifreiðin hafi verið haldin galla og að umræddir gallar teljist ekki óverulegir í skilningi 32. gr. nkpl. Sóknaraðili telji því að hann eigi rétt á riftun kaupanna samkvæmt 32. gr. gegn því að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila kaupverð bifreiðarinnar að fjárhæð 10.890.000 krónur samkvæmt 2. mgr. 49. gr. nkpl., ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 2. mgr. 50. gr. nkpl.

Hvað varði kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á rétti til skaðabóta vísar hann til þess að samkvæmt 1. mgr. 33. gr. nkpl. geti neytandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann verði fyrir vegna galla á söluhlut. Um fjárhæð bóta fari samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Skaðabætur vegna vanefnda skuli samkvæmt 1. mgr. 52. gr. nkpl. svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíði vegna vanefndanna. Telji sóknaraðili ljóst að þar sem bifreiðin hafi ekki nýst sem skyldi auk þess sem fyrirhugað hafi verið að nota umrædda bifreið í atvinnustarfsemi hafi hlotist töluvert tjón vegna galla á bifreiðinni. Verði fallist á kröfu um skaðabætur áskilji sóknaraðili sér rétt til þess að útlista umrætt tjón með nánari hætti.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum vísar varnaraðili til tölvupósts, dags. 24. janúar 2023, sem varnaraðili sendi lögmanni sóknaraðila vegna umrædds máls. Þar kemur fram að eftir að varnaraðili hafi rætt við [...] um málið hafi komið í ljós að bifreiðin hafi fyrst farið í almenna þjónustuskoðun í júlí 2022 eða um tveimur mánuðum eftir afhendingu bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi verið keypt frá viðurkenndu [...] umboði

með [...] stimpli sem þýði að bifreiðin hafi verið yfirfarin af umboðinu áður en hún hafi farið frá þeim.

Þá kemur fram að ekkert tjón hafi verið skráð við afhendingu bifreiðarinnar frá varnaraðila auk þess sem ekkert tjón hafi verið skráð í þjónustuskoðun á verkstæði [...] í júlí 2022. Bifreiðin hafi komið aftur inn á verkstæði [...] í nóvember 2022 og þá hafi verið tjón á bifreiðinni.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt kerfi [...] hafi ekki vantað allan þann búnað sem talinn sé upp í bréfi lögmanns sóknaraðila. Þar að auki komi eftirfarandi fram í tilboði sem hafi legið fyrir áður en gengið hafi verið frá kaupunum erlendis: „*Upplýsingarnar eru frá erlendum seljanda með fyrirvara um villur*“. Þá bendir varnaraðili á að yfirleitt séu lýsingar á bifreiðum og fylgihlutum fullnægjandi. Varnaraðili vísar til þess að fyrirtækið taki ekki ábyrgð á einstaka villum eða frávikum. Ef aukabúnaður sé skilyrði fyrir kaupum megi biðja um staðfestingu á að búnaðurinn sé til staðar áður en gengið sé frá kaupunum erlendis. Engin slík beiðni um staðfestingu hafi borist frá sóknaraðila áður en gengið hafi verið frá kaupunum erlendis.

Loks bendir varnaraðili á að fyrirtækið hafi fengið staðfest frá [...] að bifreiðin sé enn í ábyrgð framleiðanda og því falli gallar hennar undir ábyrgðina, séu þeir til staðar. Varnaraðili telji engar forsendur fyrir hendi til að rifta umræddum kaupum.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að andsvör varnaraðila feli ekki í sér efnisleg andmæli við kvörtun sóknaraðila heldur sé um að ræða tölvupóst varnaraðila til sóknaraðila þar sem tilkynnt hafi verið um afstöðu varnaraðila til kröfu um riftun. Umræddur tölvupóstur hafi leitt til þess að sóknaraðili hafi séð sig knúinn til að leita réttar síns með kvörtun til kærunefndarinnar í þessu máli.

Sóknaraðili gerir athugasemdir við það sem fram kemur í tölvupósti varnaraðila um upplýsingagjöf um sérstakan búnað. Sóknaraðili bendir á að röksemdarfærsla varnaraðila hvað varði fyrirvara um villur og að sóknaraðili hafi þurft að biðja sérstaklega um staðfestingu á aukabúnaði standist ekki. Sóknaraðili ítrekar framkomin sjónarmið í kvörtun og bendir á að samkvæmt 15. og 16. gr. nkpl. skuli söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiða megi af samningi hvað varði gæði og aðra eiginleika. Þá skuli söluhlutur hafa þá eiginleika sem neytandi hafi mátt vænta við kaup á söluhlut auk þess sem söluhlutur skuli henta í ákveðnum tilgangi sem seljandi hafi vitað eða mátt vita um þegar kaup hafi verið gerð. Enn fremur teljist söluhlutur gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hlutinn nema sýnt sé fram á að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Sóknaraðili vísar til þess að við kaupin hafi varnaraðili haldið því fram að bifreiðin væri með tilteknum aukabúnaði sem síðar hafi komið í ljós að vantaði. Ljóst sé að þær upplýsingar hafi haft veruleg áhrif á ákvörðun sóknaraðila um kaupin, enda hafi aukabúnaður veruleg áhrif við ákvörðunartöku í bifreiðakaupum og verð. Sóknaraðili telji að bifreiðin hafi ekki haft þá eiginleika og gæði sem hann hafi með réttu mátt vænta miðað við þær upplýsingar sem varnaraðili hafi veitt í tengslum við kaupin.

Sóknaraðili mótmælir því að varnaraðili geti komist undan ábyrgð með því að vísa til fyrirvara um að sóknaraðili hefði þurft að óska sérstaklega eftir staðfestingu á aukabúnaði áður en gengið hafi verið frá kaupunum. Ljóst sé að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um þann aukabúnað sem hafi átt að vera til staðar og þar af

leiðandi hafi sóknaraðili mátt vænta þess að bifreiðin yrði afhent með þeim búnaði. Þá sé ljóst að slíkur fyrirvari væri í andstöðu við 1. mgr. 3. gr. laga um neytendakaup þar sem slíkt fæli í sér samning um kjör sem væru neytanda óhagstæðari en það sem leiði af lögnum.

Sóknaraðili ítrekar þau sjónarmið sem komu fram í kvörtun og bendir á að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi laga um neytendakaup og því séu fyrir hendi skilyrði til að beita vanefndaúrræðum á borð við riftun, sbr. 32. gr. laganna og skaðabætur, sbr. 33. gr. laga um neytendakaup.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gilda um sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. nkpl. er umboðsmaður seljanda samábyrgur seljanda, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. Samábyrgðin gildir ekki þegar seljandi sjálfur annast sölna.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni [...], árgerð 2021. Fyrir kaupin gerði sóknaraðili samning við varnaraðila þar sem fram kemur að varnaraðili hafi tekið að sér að aðstoða sóknaraðila við að „finna bifreið til sölu erlendis og gerast milliliður um kaup og afgreiðslu á þeirri bifreið sem valin er án samábyrgðar með seljanda eða framleiðanda.“ Þá segir í skilmálum kaupsamningsins að varnaraðili komi fram sem umboðsmaður kaupanda í viðskiptunum.

Af fyrirbyggjandi gögnum vegna kaupa á bifreiðinni verður hins vegar ekki annað séð en að varnaraðili hafi komið alfarið fram sem seljandi bifreiðarinnar gagnvart sóknaraðila í stað eiganda bifreiðarinnar. Varnaraðili er eini sérstaklega tilgreindi viðsemjandi sóknaraðila vegna kaupanna og innflutnings bifreiðarinnar. Þá var reikningur vegna bifreiðakaupa gefinn út af varnaraðila. Ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup gilda því um kaupin eins og hér háttar og telst varnaraðili seljandi bifreiðarinnar í skilningi laganna. Var því um sölusamning að ræða í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Sóknaraðili heldur því fram að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og gerir kröfu um að réttur hans til riftunar verði viðurkenndur, sbr. 32. gr. nkpl. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um viðurkenningu á rétti til skaðabóta úr hendi varnaraðila, sbr. 33. gr. nkpl.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem

seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur haldinn galla ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá telst söluhlutur einnig haldinn galla ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. á regla c. liðar einnig við þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla vegna ítrekaðra bilana sem hafi komið upp í kjölfar afhendingar bifreiðarinnar. Varnaraðili hefur borið því við að bifreiðin hafi verið yfirfarin af viðurkenndu umboði erlendis auk þess sem ekkert tjón hafi verið skráð á bifreiðina við afhendingu og í þjónustuskoðun tveimur mánuðum eftir afhendingu. Að lokum byggir varnaraðili á því að bifreiðin sé í ábyrgð frá framleiðanda og gallar falli undir þá ábyrgð.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

Samkvæmt gögnum máls var umrædd bifreið afhent sóknaraðila þann 20. maí 2022. Í málinu liggja fyrir verklýsingar og athugasemdir á reikningum frá [...]. Fyrir liggur að engar athugasemdir voru gerðar við bifreiðina í þjónustuskoðun sem framkvæmd var þann 9. júní 2022. Í skýrslu [...], dags. 22. júní 2022, kemur fram að hlíf undir mótör hafi verið brotin en skipt var um hana þann 6. júlí sama ár. Þá liggur fyrir að bifreiðin hafi legið niðri í byrjun október 2022 og í kjölfarið farið fram aflestur og greining á fjöðrunarbúnaði. Í verklýsingu segir meðal annars: „Leki h/m að framan, brakket sem heldur fæðileiðslu fyrir loftpúða hefur losnað. Merki um ákomu. Þarf að skipta um fæðileiðslu.“ Í athugasemdum með verklýsingu kemur fram að bifreiðin hafi verið tjónuð. Þann 12. október 2022 var framkvæmd þjónustuskoðun á bifreiðinni en í skýrslu [...] segir meðal annars: „Undirvagn skoðaður. Skemmd hlíf undir mótör. Smá rispúr á HV battery. [...]. Nokkrar villur koma fram í tölvulestri, en engin af þeim til staðar núna“. Þá liggur fyrir að bifreiðin hafi verið tekin inn á verkstæði [...] í lok nóvember 2022 og verið þar fram í janúar 2023. Samkvæmt verklýsingu var ástæða komu melding í mælaborði en bilanagreining leiddi í ljós að svokallað AC hleðslutæki væri bilað og skipt var um það. Í kjölfarið var engin virkni á loftfjöðrun og einnig þörf á að skipta um öryggjabox, loftpressu fyrir fjöðrun og síu fyrir fjöðrunarkerfi. Auk framangreinds liggja fyrir gögn um frekari viðgerðir á bifreiðinni frá árinu 2023.

Samkvæmt framangreindu telur kærunefndin, með hliðsjón af aldri bifreiðarinnar, að bifreiðin hafi ekki haft þá eiginleika til að bera sem sóknaraðili hafi með réttu mátt vænta við kaupin að því er varðar endingu og annað. Er því fallist á með sóknaraðila að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. nkpl. Sóknaraðili telur auk framangreinds að bifreiðin hafi verið haldin galla þar sem tiltekinn fylgibúnað hafi vantað í bifreiðina miðað við

upplýsingar frá seljanda. Bifreiðinni og aukabúnaði hennar er lýst í tilboði, dags. 17. mars 2022. Varnaraðili hefur vísað til þess að í tilboðinu sé gerður fyrirvari um villur auk þess sem þar komi fram að fyrirtækið beri ekki ábyrgð á einstaka villum eða frávikum.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá varnaraðila að svokallaður „Parktronic“ búnaður fæli í sér aðstoð við að leggja bifreiðinni (*parking assistance*) en að tiltekinn takka, sem sé nauðsynlegur til að virkja búnaðinn, vanti í bifreiðina. Samkvæmt upplýsingum frá [...] eru „Parktronic“ nándarskynjarar sem gefa náandarviðvaranir. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi veitt rangar upplýsingar um slíkan búnað. Þá hefur sóknaraðili vísað til þess að LED greindarljósakerfi sé ekki til staðar. Samkvæmt upplýsingum frá [...] kom bifreiðin upphaflega með svokölluðu „LED intelligent light system“ en sé það óvirkt þarfnist það skoðunar á verkstæði. Sóknaraðili hefur auk þess lagt fram staðfestingu frá [...] um að samskiptaeining í bílnum sé óvirk á Íslandi og vísar til þess að varnaraðili hafi veitt rangar upplýsingar varðandi það. Að lokum hefur sóknaraðili lagt fram staðfestingu á að Apple CarPlay og Android Auto sé ekki til staðar í bílnum þrátt fyrir að varnaraðili hafi upplýst hann um að svo væri.

Fyrir liggur að tiltekinn fylgibúnaður sem kom fram í tilboði fylgdi ekki með bifreiðinni. Með hliðsjón af framangreindu er fallist á það með sóknaraðila að hin afhenta bifreið hafi ekki verið í samræmi við samning aðila í skilningi 1. mgr. 15. gr. nkpl. eða í samræmi við upplýsingagjöf varnaraðila, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Fyrirvari varnaraðila í tilboði breytir því ekki, enda ber seljandi ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann gefur um selda vöru og getur ekki fríað sig ábyrgð með því að setja inn fyrirvara um hugsanlegar villur. Neytandi sem hyggst festa kaup á vöru má með réttu byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem seljandi gefur. Það stendur seljanda nær að kanna hvort tiltekinn fylgibúnaður fylgi með seldri bifreið.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

Sóknaraðili gerir kröfu um riftun kaupanna. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum, í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Riftun er afdrifaríkt úrræði sem verður aðeins beitt þegar skilyrði hennar eru uppfyllt. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin, og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda, en gallinn þarf að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Eins og mál þetta er vaxið telur kærunefndin að galli bifreiðarinnar sé ekki óverulegur, enda hafa frá afhendingu bifreiðarinnar ítrekað komið upp bilanir sem hafa þarfnast viðgerðar auk þess sem tiltekinn fylgibúnað vantaði í bifreiðina miðað við upplýsingar frá seljanda. Þá hefur sóknaraðili ekki haft afnot bifreiðarinnar í lengri tíma vegna bilana. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs að fjárhæð 10.890.000 krónur, gegn skilum á bifreiðinni. Fallist er á að fjárhæðin beri dráttarvexti frá 20. febrúar 2023, er mánuður var liðinn frá því að sóknaraðili sendi varnaraðila riftunartilkyningu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## V

### Úrskurðarorð

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila, X, til að rifta kaupum á bifreiðinni [...]. Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð bifreiðarinnar, 10.890.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 20. febrúar 2023 til greiðsludags, gegn afhendingu bifreiðarinnar.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson